

Nefndasvið Alþingis

b.t. efnahags- og viðskiptanefndar

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Höfn, 16. febrúar 2022

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um viðspyrnustyrki nr. 160/2020 , nr. 291 mál

Nauðsynlegt að hraða aðgerðum, þetta er að koma of seint inn og taka allt of langan tíma.

Nú horfum við langeyg eftir því að stjórnvöld komi sér loksins í það að aðstoða einyrkja og lítil fyrirtæki í ferðaþjónustu. Fyrirtækin okkar eru nú búin að vera án aðstoðar í að verða 3 mánuði í þessu Covid-ástandi. Eigendur og forsvarsfólk þessara fyrirtækja keppast nú við að halda úti lágmarksstarfsemi til þess að geta tekið á móti bókunum fyrir sumarið og undirbúið sig fyrir batnandi tíð. Bókunarstaða fyrir sumarið lofar góðu og því áriðandi að koma þessum fyrirtækjum yfir þennan síðasta hjalla. Núna, þegar loksins er farið að sjást í ljósið handan ganganna er enn mikilvægara en áður að veita þessum einyrkjum og fyrirtækjum aðstoð og stuðning... en svo virðist sem stjórnvöldum sé á loka metrunum að takast að draga lappirnar út í hið ýtrasta og okkur alveg ómögulegt að skilja því þessi aðstoð er ekki að berast á þessum viðkvæma vegakafla leiðarinnar að viðspyrnunni, núna á loka metrunum. Þó svo að þessi fyrirtæki hafi verið í verulegu tekjufalli í þessi ár standa þau enn. Tekjufall þarf ekki að fela í sér rekstarvanda, en ef það verða meiri tafir á afgreiðslu þessa máls er ljóst að það er verið að steypa mörgum fyrirtækjum í rekstarvanda...og hverjum á að kenna þá um það?

Viðspyrnustyrkurinn

Flest í okkar röðum eru sammála um að viðspyrnustyrkurinn sé sú aðgerð sem hafi nýttst hvað best þar sem hann náði að dekkja það stóran hluta rekstarkostnaðarins, sér í lagi þar sem litlar eða engar tekjur voru að koma inn vegna bágrar bókunarstöðu eða lítillar umferðar ferðamanna á viðkomandi svæði, þá munaði flesta hvað mest um viðspyrnustyrkurinn þó svo hann væri ekki að þá dekkja nema 90% rekstarkostnaðar.

Hvað varðar framlenginguna og þörf á breytingum:

- Það þarf að endurskoða úthlutunarreglur hvað varðar m.a. breytingar á verðlagi hvað varðar þá tekjuviðmið.
- Breyta mætti þrepaskiptingunni í viðspyrnustyrknum. Þ.e. 20% tekjufall, 40% og 60%. Það að vera með til lengrar 39,99% tekjufall tekur verulega í. 20% tekjufall gæti þá verið t.d. 300.000 kr. á starfsgildi, 40% 500.000kr á starfsgildi og 60% þá 600.000 kr. Annars væri þá að lækka núverandi prósentutölu og vera með 30% tekjufall og svo 50% tekjufall.

Það er mjög áriðandi að hafa í huga að frá janúar 2019 til desember 2021 hefur verðlag hækkað um 11,5%, að lámarki og verður að taka tillit til þess í útreikningum.

- Eins mætti þá líka hugsa sem svo að þar sem ferðaþjónustan er árstíðatengd og segjum að hún sé yfir sumarið (3 – 4 mán.) og stöðugt með 39,99% tekjufall, að þá væri horft til heildartekna ársins.

- Hér þarf líka að horfa til ungra fyrirtækja, stofnaðra 2018, 2019, 2020 og 2021 hvað varðar tekjuviðmiðið.
 - Við erum líka á því að það þurfi að lengja tímabilið, þ.e. að apríl 2022 sé þarna inni líka.
 - Eins horfum við til þess að þarft væri að einfalda tímabil umsóknarfrests og það sé þá fyrir allt covid-tímabilið til loka júní 2022.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Samstöðuhóps einyrkja og lítilla fyrirtækja í ferðaþjónustu,

Jóna Fanney Svavarsdóttir, *framkvæmdastjóri og eigandi Eldhúsferða Cucina Travel ehf, Húnavatnshreppi*

Reynir Már Sigurvinsson, *framkvæmdastjóri Star Travel - Þúsund Stjörnur ehf, Akureyri*

Laufey Guðmundsdóttir, *framkvæmdastjóri og eigandi Fallstakks / Glacier Journey, Höfn*